

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 1998 - 2018, verslunar- og þjónustulóðir í og við Giljahverfi.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 24. febrúar 2003 staðfest breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 1998-2018 frá 4. september 1998.

Breytingin felst annars vegar í stækkun verslunar- og þjónustusvæðis við gatnamót Hlíðarbrautar og Borgarbrautar og hins vegar í breytingu á landnotkun úr verslunar- og þjónustusvæði í íbúðarsvæði við gatnamót Merkgils og Kiðagils.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Akureyrar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 24. febrúar 2003.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.